



Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8700 hrn@hrn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 24. mars 2020  
Tilv.: HRN20030170/06.50.01

**Efni: Undanþága frá auglýsingu nr. 243/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttá, fyrir fyrirtæki sem teljast kerfislega og efnahagslega mikilvægar einingar**

Heilbrigðisráðuneytinu hafa borist beiðnir um undanþágur frá 3. og 4. gr. auglýsingar nr. 243/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttá, um hámarksfjölda í einu rými og tveggja metra fjarlægð milli fólks, frá fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja til að tryggja að framleiðsla þeirra geti haldið áfram.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. auglýsingarinnar getur ráðherra veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins eða til verndar lífi eða heilsu manna eða dýra. Við mat á því hvort veita skuli undanþágu er unnt að líta til þess að skv. 2. mgr. 8. gr. getur sóttvarnalæknir veitt undanþágu frá sóttkví vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast vegna lífsbjargandi starfsemi, svo sem raforku, fjarskipta, samgangna, heilbrigðisstarfsemi, löggæslu, sjúkraflutninga og slökkviliða. Samkvæmt orðalagi sínu er upptalningin ekki tæmandi.

Önnur starfsemi sem gæti fallið undir undanþágu skv. 1. mgr. 8. gr. væri starfsemi fyrirtækja sem teljast kerfislega og efnahagslega mikilvæg, svo sem til að tryggja innviði, sorphirðu, aðföng, mætvælaframleiðslu, flutninga matvæla, lyfja og annarra nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. Mikilvægir innviðir eru nánar skilgreindir í Landsáætlun – heimsfaraldur. Enn fremur þarf að vera því sem næst ómögulegt að aðlaga starfsemi að reglum auglýsingar nr. 243/2020.

Af þessu tilefni hefur heilbrigðisráðuneytið, eftir samráð við sóttvarnalækni, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Matvælastofnun, ákveðið að veita fyrirtækjum í stóriðju, sjávarútvegi, matvælaframleiðslu og annarri mikilvægri starfsemi undanþágu frá 3. og 4. gr. auglýsingarinnar að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Skilyrðum þessum er ætlað að vernda starfsfólk gegn smiti, koma í veg fyrir útbreiðslu COVID-19 og tryggja að fyllstu varúðar sé gætt við framleiðslu matvæla. Skilyrði fyrir undanþágunni eru að:

1. Framleiðsla fyrirtækjanna teljist kerfislega eða efnahagslega mikilvæg vegna útflutningstekna eða matvælaöryggis landsins. Hér er þá m.a. átt við sorphirðu, ál-járnblendi- og kísilmálmframleiðslu, fiskvinnslu, fiskeldi, mjólkurframleiðslu, kjötframleiðslu, kornframleiðslu, grænmetisframleiðslu og dreifingu lyfja og hjúkrunarvara.
2. Starfsmönnum sé skipt í nánar tilgreind svæði og samneyti á milli svæða sé takmarkað, aldrei skulu fleiri en 100 starfsmenn tilheyra skilgreindu svæði og beita skal

aðgangsstýringum eða lokunum á milli skilgreindra svæða.

3. Ekki séu fleiri en 20 manns sem nýta sömu aðstöðu til neyslu matar, salernisaðstöðu eða búningsklefa en ef ekki verður hjá því komist skal þrifa aðstöðuna milli nota samkvæmt leiðbeiningum til framlínustarfsmanna í atvinnulífinu.
4. Tryggt skuli, eins og kostur er, að nánd milli starfsmanna verði yfir tveimur metrum. Þar sem því verði ekki komið við skuli starfsmenn klæðast viðeigandi búnaði til að forðast smit, svo sem hlífðarfatnaði, plastsvuntum, hönskum og hlífðargrímum. Nýta skuli eins og kostur er viðeigandi skilrúm til þess að aðgreina hlutaðeigandi starfsmenn.
5. Á milli ólíkra starfs- og vinnslueininga séu tryggðar sóttvarnir.
6. Handspritt sé aðgengilegt í öllum skilgreindum rýmum og greiður aðgangur til handþvotta. Starfsstöð skal þrifuð daglega samkvæmt leiðbeiningum til framlínustarfsmanna.
7. Fyrirtæki setji skriflega áætlun og fylgi eftir gátlista um órofinn rekstur um framkvæmd og framfylgni. Jafnframt skulu þau kynna starfsfólki áætlunina, notkun hlífðarbúnaðar og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Gátlistinn fylgir þessu bréfi.

Þar sem unnt er að viðhafa strangari kröfur en að framan greinir skal það gert. Ráðherra getur, svo sem vegna breyttra aðstæðna í útbreiðslu COVID-19, afturkallað ákvörðun þessa eða breytt eða bætt við skilyrði fyrir henni.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir

Sigurður Kári Árnason

Fylgiskj.: Gátlisti um órofinn rekstur  
Samrit: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi  
Bændasamtök Íslands  
Íslandspóstur